77. sveitarstjórnarfundur
Staðsetning: Húnabraut 5
10. nóvember 2026, kl. 15:00 - 17:45

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson - forseti sveitarstjórnar
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir - ritari
Mætt til fundar:	Grímur Rúnar Lárusson - aðalmaður Zophonías Ari Lárusson - aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir - aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir - aðalmaður Jón Gíslason - aðalmaður Sævar Björgvinsson - aðalmaður Helgi Páll Gíslason - aðalmaður Ragnhildur Haraldsdóttir - aðalmaður Svavar Pálsson - sveitarstjóri

Forseti bauð fundarmenn velkomna til 77. fundar sveitarstjórnar og athugaði með athugasemdir við útsendingu fundarboðs. Svo er ekki og telst þá fundurinn löglegur.

1. M26-06-083 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar

Lagðar fram til síðari umræðu breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar.

Fjallað var um hverja grein sérstaklega og hún borin upp til atkvæðagreiðslu.

1. gr.

Við 1. mgr. 27. gr. samþykktarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Til máls tóku GHJ, GRL, KAG, ZAL, JG.

Grímur Rúnar Lárusson óskar eftir að leggja fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd Framsóknar og annarra framfarasinna:

Lagt er til að í 1. mgr. 27. gr. samþykkta Húnabyggðar falli brott orðin „og varamenn“, þannig að ákvæðið í heild orðist:

„Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til eins árs. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar, sbr. 36. gr. Sveitarstjórnarlaga.“

Breytingin er lögð fram til samræmingar við aðra málsliði sama ákvæðis og felur því ekki í sér efnislega breytingu á því sem hefur verið til fyrri umræðu um 27. gr. samþykktanna.

Forseti ber upp tillöguna frá GRL og voru 3 samþykkir henni (GRL, JLG og HPG) og 6 sitja hjá (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH og JG). Tillagan er því samþykkt.

1.grein er því samþykkt með 3 atkvæðum (GRL, JLG og HPG) og 6 sitja hjá (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH og JG).

2. gr.

Við 27. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. 27. gr., svohljóðandi:

Sveitarstjóri situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri sem hefur verið kjörinn í byggðarráð sem sveitarstjórnarfulltrúi hefur einnig atkvæðisrétt.

2.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

3. gr.

2. mgr. 30. gr. samþykktarinnar breytist og verði svohljóðandi:

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, enda samþykki 2/3 viðstaddra byggðarráðsmanna það. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Til máls um þessa grein tóku RH, GHJ, GRL, KÁG og JG.

3.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 6 atkvæðum (JLG, RH, GRL, HPG, KÁG, SÖB) og 3 sátu hjá (GHJ, ZAL, JG).

4. gr.

Við 33. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. 33. gr., svohljóðandi:

Byggðarráði er heimilt að fullnaðarafgreiðsla umsagnir vegna umsókna um rekstrarleyfi á grundvelli ákvæða laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins.

4.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 8 atkvæðum (JLG, RH, GRL, HPG, KÁG, SÖB, GHJ, ZAL) og 1 sat hjá (JG).

5. gr.

Við 33. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. 33. gr., svohljóðandi:

Byggðarráði er heimilt að taka fullnaðarákvarðanir um úthlutanir lóða fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði á grundvelli reglna sem sveitarstjórn hefur sett, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins.

5.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 8 atkvæðum (JLG, RH, GRL, HPG, KÁG, SÖB, GHJ, ZAL) og 1 sat hjá (JG).

6. gr.

2. mgr. 33. gr. samþykktarinnar breytist og verði 4. mgr. 33. gr.

6.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

7. gr.

Nafn Atvinnu- og menningarnefndar í 3. tl. A hluta 47. gr. breytist í Atvinnu-, menningar- og markaðsnefnd.

7.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

8. gr.

3. tl. A hluta 47. gr breytist og verði svohljóðandi:

Atvinnu-, menningar- og markaðsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar á sviði atvinnu-, menningar- og markaðsmála. Nefndin fjallar um mál sem varða innviði, s.s. orkuflutnings- og samskiptanet. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt bókasafnslögum nr. 150/2012, lögum um félagsheimili nr. 107/1970 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni. Þá fer nefndin einnig með markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins.

8.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt samhljóða með 9 atkvæðum.

9. gr.

5. tl. A hluta 47. gr breytist og verði svohljóðandi:

Landbúnaðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013, lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og gildandi fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu á hverjum tíma. Nefndin geri tillögu að skipan stjórna fjallskiladeilda til sveitarstjórnar. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið

sveitarfélagsins samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Nefndin hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. reglugerð nr. 437/1995 og nýtingu jarðnæðis, sbr. jarðalög nr. 81/2004 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.

9.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 5 atkvæðum (GHJ, JLG, KÁG, SÖB og ZAL), 3 greiddu atkvæði á móti (JG, HPG; GRL) og 1 sat hjá (RH).

10. gr.

Fjallskilanefnd í 6. tl. A hluta 47. gr. verði lögð niður, en í staðinn verði fyrirsögn 6. tl. A hluta 47. gr. Fjallskiladeildir.

10.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 6 atkvæðum (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH og JLG) og 3 atkvæðum á móti (JG, HPG og GRL).

11. gr.

6. tl. A hluta 47. gr breytist og verði svohljóðandi:

Fjallskiladeildir. Í fjallskilastjórn hverrar fjallskiladeildar innan sveitarfélagsins skulu valdir þrír fulltrúar og þrír til vara úr hópi fjallskilaskyldra aðila í viðkomandi upprekstrarfélagi. Fjallskiladeildirnar eru eftirfarandi, sbr. fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu

a. Fjallskiladeild Auðkúluheiðar.

b. Fjallskiladeild Blönduósbæjar.

c. Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps.

d. Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða.

e. Fjallskiladeild Skagaheiða.

11.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 8 atkvæðum (GHJ, ZAL, KÁG, SÖG, RH, JLG, HPG, JG) og 1 atkvæði á móti (GRL).

12. gr.

Við 8. tölul. A-hluta 47. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. 8. tölul. A-hluta 47. gr., svohljóðandi:

Velferðarnefnd er heimilt, á grundvelli 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og í samræmi við 54. gr. samþykktar þessarar, að fullnaðarafgreiða einstök mál á verksviði sínu samkvæmt reglum sem sveitarstjórn hefur samþykkt, enda mæli lög eða eðli máls ekki gegn því. Heimildin tekur ekki til ákvarðana sem varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, fela í sér fjárútlát umfram samþykkta fjárhagsáætlun eða víkja frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Þriðjungur nefndarmanna getur óskað eftir því að máli verði vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar. Beiðni um endurupptöku máls sem Velferðarnefnd hefur fullnaðarafgreitt skal beint til sveitarstjórnar og fer meðferð hennar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Til máls um þessa grein tóku GHJ, GRL, JLG, RH, KÁG, ZAL.

Grímur Rúnar Lárusson, Jenný Lind Gunnarsdóttir og Helgi Páll Gíslason leggja fram eftirfarandi tillögu:

Undirrituð leggja til að afgreiðslu fyrirliggjandi tillögu um breytingu á 8. tl. A-hluta 47. gr. samþykkta sveitarfélagsins verði frestað og að sveitarstjóra verði falið að leggja fram endurskoðaða tillögu þar sem valdframsal til nefndarinnar er afmarkað með skýrari og nákvæmari hætti. Sérstaklega verði kveðið nánar á um hvaða málaflokkar eða tegundir ákvarðana sæta fullnaðarafgreiðslu nefndarinnar þannig að valdmörk milli sveitarstjórnar og nefndar séu skýr og ekki leiki vafi á umfangi heimildarinnar.

Forseti bar upp tillögu frá GRL, JLG og HPG til samþykktar og eru 4 samþykkir (GRl, JLG, HPG og JG) og 5 á móti (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB og RH) og er því tillagan felld.

12.gr. var borin upp sérstaklega og samþykkt með 5 atkvæðum með (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH) og 4 atkvæðum á móti (GRL, JLG, HPG og JG).

Að lokinni sérstakri afgreiðslu hverrar greinar var samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar, með samþykktum breytingum, borin upp í heild til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkti breytingarnar í heild með 9 atkvæðum samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkti jafnframt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá endanlegum texta samþykktarinnar og senda hana til innviðaráðuneytisins til staðfestingar og birtingar í Stjórnartíðindum.

2. M26-10-730 - Húnanet

Lögð fram tilnefning Húnabyggðar í stjórn Húnanets.

Forseti sveitarstjórnar leggur fram eftirfarandi tillögur:

Sveitarstjórn tilnefnir Guðmund Hauk Jakobsson, Ragnhildi Haraldsdóttur Grím Rúnar Lárusson sem aðalmenn í stjórn Húnanets. Tillagan var samþykkt með 8 atkvæðum með (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH, GRL, JLG og HPG) og 1 atkvæði á móti (JG).

Sveitarstjórn tilnefnir Zophonías Ara Lárusson, Sævar Örn Björgvinsson og Jennýju Lind Gunnarsdóttur sem varamenn í stjórn Húnanets. Tillagan var samþykkt með 8 atkvæðum með (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH, GRL, JLG og HPG) og 1 atkvæði á móti (JG).

3. M26-11-770 - Útsvarshlutfall Húnabyggðar 2027

Ákvörðun um útsvarshlutfall fyrir 2027.

Forseti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Útsvarshlutfall Húnabyggðar árið 2027 verði 14,97 %.

Sveitarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum samhljóða að útsvarshlutfall Húnabyggðar 2027 verður 14,97 %.

4. F26-08-083 - 17. fundur landbúnaðarnefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar sem fram fór 12. október 2026.

Fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar Húnabyggðar frá 12. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-700 - Áherslur landbúnaðarnefndar Húnabyggðar fyrir fjárhagsáætlunargerð 2027

Landbúnaðarnefnd ásamt fjallskilastjórum fara yfir áherslur fyrir fjárhagsáætlun 2027 er varðar girðingar, réttir og fjallaskála.

Farið yfir beiðnir fjallskiladeilda og landbúnaðarnefndar er varðar áherslur fyrir fjárhagsáætlun 2027 m.a nýgirðingar á afréttum, nátthögum og sleppihólfum auk almenns viðhalds girðinga í sveitarfélaginu. Einnig var farið yfir beiðnir er viðkemur réttum og skálum. Formanni falið að senda minnisblað um beiðnir þessar til byggðarráðs til frekari úrvinnlu í fjárhagsáætlunargerð. Einnig fylgir minnisblað umsjónarmanns eigna er varðar réttir, skála og fleira.

2. M26-06-123 - Styrkvegaframkvæmdir

Umsókn fyrir 2027.

Farið yfir ýmis verkefni er lýtur til styrkvegaframkvæmda Vegagerðarinnar auk fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélagsins fyrir árið 2027.

Eftirfarandi vegaframkvæmdir eru á lista vegna 2027.

- *Haukagilsheiðarvegur, lagfæring auk varna*

- Grímstunguheiðarvegur, keyra í drög og grjóttýnsla

- Stafnsréttarvegur (nú í samráði við MAST og Land og Skóga)

- Viðhald Hrafnabjargarvegar

- Viðhald á vegi frá Fossárrétt að Örlygsstaðaseli

- Viðhald á vegi austur geldingaskarð

- Viðhald á vegi um Hallárdal

- Vegur fram Laxárdal, ofaní burður og heflun

- Vað við Skrapatungurétt

- Slóð að sleppihólfi á Þverárfjalli

3. M26-06-124 - Fjallskilasamþykkt A-Hún.

Drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

Haldið áfram vinnu við breytingar á fjallaskilasamþykkt A-Hún. Samþykkt að þessarri vinnu ljúki að síðustu í febrúar 2027.

4. M26-10-701 - Girðing í Víðidalsfjalli (Miðhóp og Þingeyrarselsland)

Svar Húnaþings vestra við fyrirspurn um girðingu í Víðidalsfjalli (Miðhóp og Þingeyrarselsland).

Lagt fram til kynningar svarbréf sveitarstjóra Húnaþings vestra þar sem sveitarfélagið hafnar að komu sinni að girðingu í Víðidalsfjalli.

5. M26-10-699 - Landbrot Svartá

Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna landbrots Svartár.

Landbúnðarnefnd fagnar að verkefnið er komið af stað. En um er að ræða tvo stutta kafla við Stafnsréttarveg. Verkefninu er stýrt af Landi og Skógum. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

5. F26-09-094 - 13. fundur umhverfisnefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 13. fundar umhverfisnefndar sem fram fór 12. október 2026.

Fundargerð 13. fundar umhverfisnefndar Húnabyggðar frá 12. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-711 - Kynning á úrgangsmálum

Inn á fundinn í gegnum Teams kom Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sagði frá fyrirkomulagi úrgangsmála í sínu sveitarfélagi.

Nefndin þakkar Haraldi Þór fyrir greinargóða kynningu á úrgangsmálum hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. M26-10-709 - Aukaafurðir

Formaður fór yfir ýmis gögn tengd aukaafurðum.

Lagt fram til kynningar.

4. M26-10-710 - Úrvinnslusjóður - mælaborð

Formaður fór yfir ýmis töluleg gögn tengd Úrvinnslusjóði.

Lagt fram til kynningar.

5. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Undirbúningur fyrir vinnu við fjárhagsáætlun Húnabyggðar 2027.

Nefndin felur formanni að koma því til byggðarráðs að gert verði ráð fyrir eftirfarandi umhverfismálum við fjárhagsáætlunargerð: koma á fót grenndarstöð á Blönduósi, fjölgun sorpíláta við heimili (þannig að pappír og plast verði flokkað í sundur), aukin móttaka lífræns úrgangs og valkostagreining fyrir endurvinnslustöð.

6. F26-10-099 - 159. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 159. fundar byggðarráðs sem fram fór 14. október 2026.

Til máls tóku RH, SP, GHJ, KÁG um 7. lið fundargerðar.

Fundargerð 159. fundar byggðarráð Húnabyggðar frá 14. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-695 - Samstarfsumsókn vegna farsældar - Bergið

Beiðni um samstarf vegna umsóknar í farsældarsjóð.

Byggðarráð samþykkir erindið enda varðar það mikilvæga þjónustu við börn og ungmenni í landshlutanum. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna með beina kostnaðarþátttöku Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra með vísan til þess að um er að ræða verkefni sem nýtist ungmennum í landshlutanum öllum.

2. M26-10-677 - Farsæld barna - styrkumsóknir 2026

Samstarfsumsóknir vegna farsældar barna, í umsjá SSNV

Lögð fram beiðni frá Farsældarráði Norðurlands vestra um stuðning við styrksumsóknir til forsætisráðuneytisins vegna verkefna sem snúa að farsæld barna í landshlutanum. Um er að ræða 5 verkefni sem öll lúta að bættri umgjörð um börn og ungmenni í landshlutanum. Þátttaka sveitarfélagsins snýr að vinnuframlagi starfsmanna sveitarfélagsins við vinnslu verkefnanna og/eða húsnæði undir viðburði.

Byggðarráð lýsir samhljóða yfir stuðningi við verkefnin í samræmi við framangreindar forsendur.

3. M26-10-708 - Fjárhagsáætlun málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra 2027

Áætluð framlög sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 2027 vegna málefna faltaðs fólks, áætlun frá Skagafirði.

Fjárhagsáætlunin lögð fram til kynningar.

4. M26-09-663 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn R101 ehf um lóð við Sunnubraut 14

Byggðarráð samþykkir umsókn R101 ehf. um lóð á Sunnubraut 14.

5. M26-10-714 - Golfklúbburinn Ós

Inn á fundinn koma Eyþór Franzson Wechner og Auðunn Sigurðsson fulltrúar Golfklúbbsins Ós.

Byggðarráð þakkar Eyþóri og Auðunni fyrir greinargóða kynningu á framtíðarsýn golfklúbbsins og samstarfi við sveitarfélagið. Endurnýjun á samningi við Golfklúbbinn Ós verði unnin í tengslum við fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2027.

6. M26-10-715 - Húsnæðismál sláturhúss

Mál tekið á dagskrá að beiðni Gríms Rúnars Lárussonar fulltrúa í byggðarráði er varðar húsnæðismál sláturhússins.

Byggðarráð samþykkir eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjóra er falið að eiga samtal við við forsvarsmenn eignanna að Húnabraut 35 og 37-39 og Ægisbrautar 4 og afla upplýsinga um:

- *Hver séu framtíðaráform eigenda varðandi fasteignir gamla sláturhússins.*
- *Hvort uppi séu áform um sölu, leigu, þróun eða aðra nýtingu fasteignanna.*
- *Hvaða möguleikar séu til staðar til að koma nýrri atvinnustarfsemi eða annarri uppbyggingu í húsnæðið.*
- *Hvort sveitarfélagið geti með einhverjum hætti stutt við eða komið að frekari nýtingu fasteignanna.*

Markmiðið er að skapa grundvöll fyrir upplýsta umræðu um framtíð fasteignanna, kanna möguleika á aukinni atvinnustarfsemi og tryggja að sveitarfélagið hafi skýra mynd af stöðu mála og þeim tækifærum sem kunna að felast í þessum mikilvægu eignum.

7. M26-10-717 - Sameining lögregluembætta - áform um skipulagsbreytingar lögreglunnar

Byggðarráð bókar eftirfarandi:

Byggðarráð Húnabyggðar fjallaði um málið á 159. fundi sínum þann 14. október 2026. Var á þeim fundi tekið undir bókun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sem send var dómsmálaráðuneytinu í gegnum Samráðsgáttina. Byggðarráð Húnabyggðar tekur undir bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra varðandi áformaðar breytingar á skipan lögregluembætta. Ráðið lýsir sérstökum áhyggjum af hættu á neikvæðum áhrifum miðstýringar á öryggi íbúa sem birtast kann í fækkun starfa, lengri útkallstíma og minni áherslu á mikilvæga dreifbýlislöggæslu þegar fram líða stundir. Við slíkt verður ekki unað og því hvetur byggðarráð til þess nauðsynleg þjónusta lögreglu í sveitarfélaginu verði skilgreind sérstaklega svo öryggi íbúa og vegfarenda verði ekki raskað.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs og undirstrikar að tryggt verði með lögum að öryggisstig í sveitarfélaginu verði ekki skert frá því sem nú er. Sveitarstjórn áréttar mikilvægi þess að starfsstöð Lögreglunnar í Húnabyggð verði tryggð með lögformlegum hætti.

8. M26-10-706 - Þingeyrarkirkjugarður

Erindi frá sóknarnefnd Þingeyrasóknar varðandi þátttöku Húnabyggðar í lagfæringu á steingirðingu kirkjugarðsins.

Byggðarráð samþykkir erindið á grundvelli samnings milli kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2015 og samþykkir að gera ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun 2027.

9. M26-10-707 - Styrkbeiðni frá Stígamótum

Beiðni um fjárstuðning 2027.

Byggðarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2027.

10. M26-10-674 - Fundargerð 92. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 16. september.

Lagt fram til kynningar.

11. M26-06-109 - Fundargerð 1002. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. september.

Lagt fram til kynningar.

7. F26-10-100 - 160. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 160. fundar byggðarráðs sem fram fór 15. október 2026.

Fundargerð 160. fundar byggðarráð Húnabyggðar frá 15. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir

fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Vinna við fjárhagsáætlun 2027.

Kynning frá Sigurði og Sigmari um forsendur fjárhagsáætlunargerðar og gjaldskrár sveitarfélagsins.

8. M26-06-333 - 68. fundur skipulags- og samgöngunefndar

Fyrir fundinum lá 68. fundargerð skipulags- og samgöngunefndar er fram fór 20. október 2026.

Fundargerð 68. fundar skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar frá 20. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1.Deiliskipulag, tjaldsvæði við Hnjúkabyggð - 2608007

Áframhaldandi vinna við nýtt tjaldsvæði við Hnjúkabyggð.

Skipulags- og samgöngunefnd fór í vettvangsferð að Hnjúkabyggð og hélt áfram vinnu við framtíðar skipulag svæðisins.

9. F26-10-103 - 161. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 161. fundar byggðarráðs sem fram fór 21. október 2026.

Til máls tóku JG, SÖB, RH, ZAL um lið 3.

Fundargerð 161. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 21. október.2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. liðar var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-721 - Átta mánaða uppgjör Húnabyggðar 2026

Inn á fundinn undir þessum lið komu Sigmar Ingi Njálsson frá fjármálateymi og í gegnum Teams Sigurður Erlingsson frá fjármálateymi og Þorsteinn Þorsteinsson frá KPMG sem kynnti 8 mánaða uppgjör fyrir sveitarfélagið.

Byggðarráð þakkar fyrir greinargóða kynningu á 8 mánaða uppgjöri fyrir sveitarfélagið. Uppgjörið er í takt við gildandi fjárhagsáætlun að undanskildum verðbótum.

2. M26-10-722 - Skipan fulltrúa Húnabyggðar í Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

Erindi frá SSVN um skipan í samgöngu- og innviðanefnd SSNV

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að Guðmundur Haukur Jakobsson verði aðalmaður og Ragnhildur Haraldsdóttir verði varamaður í samgöngu- og innviðanefnd SSNV.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggðarráðs um að Guðmundur Haukur Jakobsson verði aðalmaður og Ragnhildur Haraldsdóttir varamaður í samgöngu- og innviðanefnd SSNV.

Tillagan samþykkt með 9 atkvæðum.

3. M26-10-716 - Leiga á Húnaveri

Fyrir fundi lágu leigusamningsdrög um Húnaver.

Byggðarráð frestar erindinu og sveitarstjóra falið að afla gagna varðandi rekstrarkostnað og framtíðarmöguleika tengda húsnæðinu.

4. M26-10-720 - Erindi frá Rabarbarafélaginu

Beiðni um samstarf.

Byggðarráð tekur jákvætt í samstarfið og felur sveitarstjóra að útbúa samstarfssamning við Rabarbarafélagið.

10. F26-09-087 - 29. fundur fræðslunefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 29. fundar fræðslunefndar sem fram fór 26. október 2026.

Fundargerð 29. fundar fræðslunefndar Húnabyggðar frá 26. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Engir liðir fundargerðarinnar eru sérstaklega lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-08-538 - Skólanámskrá og starfsáætlun

Starfsáætlanir leik- og grunnskóla

Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun leikskóla Húnabyggðar sem nú er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Afgreiðsla starfsáætlunar Húnaskóla frestast til næsta fundar nefndarinnar. Fræðslunefnd samþykkir starfsáætlun leikskóla Húnabyggðar 2026-2027.

2. M26-10-734 - Drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030

Lögð fram drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda.

Lagt fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 frá menntaog barnamálaráðherra. Um er að ræða sóknaráætlun sem hefur það meginmarkmið að hvert barn nái betri árangri í námi og búi við meiri farsæld.

3. M26-10-733 - Bráðabirgðaákvæði um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026-2027

Lagt fram bráðabirgðaákvæði um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026-2027 sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda.

Ákvæðið gildir um einkunnagjöf og gerð vitnisburðar við brautskráningu úr grunnskóla skólaárið 2026-2027 og kemur í stað A-D matskvarða og matsviðmiða í 10. bekk. Skólastjóri upplýsti enn frekar um stöðu mála, nokkuð ljóst er að óvissa ríkir um þróun málsins. Skólastjóri upplýsir Fræðslunefnd eftir því sem málið þróast.

4. M26-10-732 - Skólasókn grunnskólanemenda, skráning og viðbrögð

Greinargerð verkefnahóps á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis

Lögð fram til kynningar greinargerð verkefnahóps sem falið var að móta tillögur að samræmdum viðmiðum og verklagi, skráningu og viðbrögðum við ófullnægjandi skólasókn í grunnskólum. Hópurinn hefur komist að niðurstöðu og leggur til fimm meginaðgerðir til umbóta: Aðgerð 1. Samræmd landsviðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn. Aðgerð 2. Samræmdir og staðlaðir viðverukóðar til skráningar á skólasókn. Aðgerð 3. Samræmdar umsóknir um undanþágur og frávik frá skólaskyldu og skólasókn Aðgerð 4. Skilgreining á mælanlegum markmiðum Aðgerð 5. Endurskoðun reglugerða og aðalnámskrár

5. M26-10-731 - Fyrirspurnir til skólastjórnenda, sviðs- og fræðslustjóra

Fyrirspurnir til skólastjórnenda, sviðs- og fræðslustjóra er varðar málefni málaflokksins

Fræðslustjóri svaraði fyrirspurn er varðar stöðu á samningi um talmeinaþjónustu en fræðslustjóri hefur verið í viðræðum við talmeinafræðinga vegna þjónustunnar.

Skólastjóri svaraði fyrirspurn er varðar símafrí í skólanum, til stendur að innleiða símafrí frá og með 1. nóvember til reynslu og fyrirkomulagið endurskoðað um áramót.

Skólastjórar hafa útbúið rafrænt skóladagatal sem nú er aðgengilegt á heimasíðum skólanna.

6. M26-09-657 - Önnur mál íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar

8. M26-09-657 - Önnur mál íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar

Nefndin telur þörf á að huga að endurbótum á körfuboltavellinum á skólalóð Húnaskóla.

Nefndin beinir því til Fræðslunefndar að skoðað verði framtíðarskipulag skólalóðar Húnaskóla. Erindi vísað til nefndarinnar frá Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd er varðar körfuboltavöll og framtíðarskipulag skólalóðar Húnaskóla. Nefndin vill árétta að gert verði ráð fyrir nýjum körfuboltavelli á skólalóðinni í fjárhagsáætlun 2027 og framkvæmdir hefjist um leið og tækifæri gefst til.

Miklar umræður urðu um öryggismál á skólalóð Húnaskóla með tilliti til fjölda ferðamanna á svæðinu á skólatíma. Nefndin leggur til að sviðstjóra verði falið að leiða vinnu um framtíðarskipulag skólalóða skólanna með hagaðilum.

7. M26-10-735 - Niðurstöður sveitarfélaga og skóla í PISA veittar

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur tekið ákvörðun um að upplýsa þau sveitarfélög og grunnskóla sem eftir því leita um sínar niðurstöður í PISA 2025.

Fræðslunefnd fyrir hönd sveitarfélagsins Húnabyggðar og Húnaskóla óskar hér með eftir að skólastjóri Húnaskóla fái niðurstöður nemenda skólans í PISA könnun 2025. Sviðstjóra falið að senda beiðni þessa á ráðuneytið.

8. M26-10-737 - Láttu þér og öðrum líða vel

Kynning Þórhöllu Guðbjartsdóttur á verkefninu.

Markmiðið er að auka félagsfærni, samkennd og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum Verkefnið er hugsað sem samstarfsverkefni heimila og nemenda 5. og 6. bekkjar, Húnaskóla, Íþróttamiðstöðvar, félagsmiðstöðvarinnar Skjólsins og umf. Hvatar. En þetta er þriðja sinn sem verkefnið er unnið.

11. F26-10-102 - 17. fundur íþrótta-. tómstunda- og lýðheilsunefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 17. fundar íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar sem fram fór 27. október 2026.

Fundargerð 17. fundar íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar Húnabyggðar frá 27. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. liðar var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-742 - Yfirferð um stöðu mála nefndarinnar

Umræða um fyrri fundargerðir og þau mál sem hafa verið sett í ferli. Stöðumat og upplýsingar um framvindu þeirra mála.

15. fundur ÍTL. M26-08-471. Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar um úttekt á æfingasvæði á Blönduósvelli. Málið er í vinnslu hjá verkefnastjóra í þjónustumiðstöð.

16. fundur ÍTL. M26-09-654. Ungmennaráð Húnabyggðar. Er á dagskrá 17. fundar ÍTL.

16. fundur ÍTL. M26-09-657. Endurbætur á körfuboltavelli á skólalóð. Máli var vísað til fræðslunefndar sem hefur fundað með eftirfarandi bókun: Erindi vísað til nefndarinnar frá Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd er varðar körfuboltavöll og framtíðarskipulag skólalóðar Húnaskóla. Nefndin vill árétta að gert verði ráð fyrir nýjum körfuboltavelli á skólalóðinni í fjárhagsáætlun 2027 og framkvæmdir hefjist um leið og tækifæri gefst til. Miklar umræður urðu um öryggismál á skólalóð Húnaskóla með tilliti til fjölda ferðamanna á svæðinu á skólatíma. Nefndin leggur til að sviðstjóra verði falið að leiða vinnu um framtíðarskipulag skólalóða skólanna með hagaðilum.

2. M26-09-654 - Ungmennaráð Húnabyggðar

Umræður um ungmennaráð og endurskoðun erindisbréfs ungmennaráðs.

Lögð eru fram drög að breytingum á erindisbréfi Ungmennaráðs Húnabyggðar. Í tillögunni felst að aldursviðmið fulltrúa í ungmennaráði verði 13-22 ára í stað 13-25 ára og að tilnefningar í ráðið berist frá Húnaskóla, tveir fulltrúar og tveir varamenn. Unglingaráð Skjólsins tilnefni einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stað tilnefningar frá FNV. Tilnefningar frá sveitarstjórn og USAH haldist óbreyttar, að öðru leyti en því að tilnefndir fulltrúar skuli vera 16 ára eða eldri. Fulltrúar og varamenn verði að jafnaði tilnefndir til tveggja ára í senn, þannig að skipan ráðsins endurnýist í áföngum, tvö sæti annað árið og þrjú sæti hitt árið, til að tryggja samfellu í starfi ráðsins. Jafnframt er lagt til að fundum ungmennaráðs verði fjölgað úr tveimur í fjóra á ári, þar af verði einn fundur haldinn sameiginlega með sveitarstjórn Húnabyggðar. Nefndin samþykkir tillöguna og vísar henni til samþykktar í sveitarstjórn.

Bókun fundar:

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi breytingar á erindisbréfi ungmennaráðs Húnabyggðar í samræmi við tillögu íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar frá 27. október 2026. Breytingarnar taka til aldursviðmiða, tilnefninga, skipunartíma og endurnýjunar ráðsins í áföngum, svo og fjölgunar funda í fjóra á ári, þar af eins sameiginlegs fundar með sveitarstjórn. Tillagan var borin upp og samþykkt með 9 atkvæðum.

3. M26-10-743 - Íþróttaiðkun í Húnabyggð

Lagt er til að nefndin sammælist um að gerð verði greining á íþróttaiðkun barna í sveitarfélaginu svo hægt sé að sjá hvort leggja þurfi áherslu á ákveðna hópa. Lagt er til að farið verði í að afla gagna frá íþróttafélögum og annarri íþrótta- og tómstundastarfsemi.

Nefndin felur Menningar-, íþrótta- og tómstundafulltrúa Húnabyggðar að afla upplýsinga frá íþróttafélögum um framboð íþrótta- og tómstundastarfs á þeirra vegum og fjölda iðkenda eftir íþróttagreinum eða starfsemi og aldri. Upplýsingarnar verði nýttar til að greina þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi og fylgjast með þróun hennar í sveitarfélaginu. Markmiðið er að skapa grundvöll fyrir aðgerðir sem stuðla að aukinni þátttöku og því að sem flest börn og ungmenni finni viðfangsefni við sitt hæfi.

4. M26-10-698 - Samantekt á samningum vegna íþrótta- og æskulýðsstarf

Nefndin yfirfer núverandi styrktarsamninga sveitarfélagsins við íþróttafélögin til kynningar nefndarmanna á samstarfi sveitarfélagsins til íþróttamála.

Nefndin hefur farið yfir gildandi styrktarsamninga sveitarfélagsins við íþróttafélögin. Hún leggur áherslu á að áfram verði stutt við íþrótta- og æskulýðsstarf í Húnabyggð og að sá stuðningur eflist enn frekar. Nefndin samþykkir að vinna á komandi ári að kortlagningu á stöðu íþróttamála í sveitarfélaginu og mótun heildstæðrar framtíðarsýnar í samstarfi við íþróttafélögin. Sérstök áhersla verði lögð á að öll börn og ungmenni hafi tækifæri til íþróttaiðkunar og að framboð íþrótta- og tómstundastarfs sé fjölbreytt, þannig að sem flest finni eitthvað við sitt hæfi.

5. M26-09-655 - Frístundastyrkur

Formaður leggur til við nefndina að hafin verði vinna við skoðun á upptöku frístundastyrks í sveitarfélaginu.

Nefndin er sammála um að hefja könnun á mögulegri upptöku frístundastyrkja í Húnabyggð. Við þá vinnu verði aflað upplýsinga um reynslu nágrannasveitarfélaga og annarra sveitarfélaga af sambærilegri stærð sem hafa tekið upp slíka styrki. Metnar verði mögulegar útfærslur og reglur um styrkina, ásamt áhrifum þeirra á núverandi stuðning sveitarfélagsins við íþróttastarf. Markmiðið með mögulegri upptöku frístundastyrkja verði að efla það góða starf sem þegar er unnið í sveitarfélaginu, fjölga iðkendum og auðvelda börnum og ungmennum þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi. Nefndin felur Menningar-, íþrótta- og tómstundafulltrúa að taka saman framangreindar upplýsingar og leggja fyrir nefndina.

6. M26-10-744 - Önnur mál

Erindi frá Hestamannafélaginu Neista.

Óskað er eftir auknum styrk fyrir æskulýðsnefnd Neista svo að nefndin geti boðið börnum sem hafa ekki aðgang að hrossum að koma á námskeið hjá hestamannafélaginu. Félagið óskar einnig eftir að snjómokstri sé sinnt á skeiðbraut þegar fyrirhugað er að halda mót á vellinum. Félagið óskar einnig eftir að fá afrit af samningi milli hestamannafélagsins og sveitarfélagsins um snjómokstur á reiðvegum. Nefndin þakkar fyrir erindið og vísar erindinu til byggðarráðs og leggur til að forsvarsmönnum félagsins verði boðið á fund til samtals og samningagerðar. Þeim hluta erindisins er varðar beiðni um afrit af samningi er vísað til sveitarstjóra.

Erindi kom frá Ágústu Rós Ingibjörnsdóttur um að taka umræðu um staðsetningu á blakvelli. Umræða skapaðist um blakvöll sem búið er að setja upp við Hnjúkabyggð. Nefndin leggur til að staðsetning blakvallarins verði á Þríhyrnu og sú framkvæmd yrði unnin í samráði við nefndarfólk ÍTL. Nefndin vísar erindinu til byggðarráðs.

12. F26-10-104 - 162. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 162. fundar byggðarráðs sem fram fór 28. október 2026.

Fundargerð 162. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 28. október 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. liðar var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-725 - Erindi vegna brunavarna og eldvarnareftirlits

Erindi til byggðarráðs frá Ágústu Rós Ingibjörnsdóttur vegna brunavarnaáætlunar og eldvarnareftirlits í Húnabyggð.

Byggðarráð þakkar Ágústu Rós fyrir erindið og felur sveitarstjóra að svara því.

2. M26-10-747 - Fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa

Minnisblað frá SSNV vegna fræðsluferðar sveitarstjórnarfulltrúa til Noregs 2027.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarfulltrúum og sveitarstjóra standi til boða að fara í áætlaða fræðsluferð til Noregs haustið 2027.

Bókun fundar:

Forseti leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggðarráðs um að sveitarstjórnarfulltrúum og sveitarstjóra standi til boða að taka þátt í fyrirhugaðri fræðsluferð til Noregs haustið 2027 á vegum SSNV.

Tillagan borin upp og samþykkt með 9 atkvæðum.

3. M26-06-320 - Yfirfærsla verkefna heilbrigðiseftirlits til stofnanna ríkisins

Lagt fram til kynningar svarbréf frá ARN vegna fyrirspurna SSNE um niðurlagningu heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefnda hjá sveitarfélögum.

Lagt fram til kynningar.

4. M26-07-435 - Vinnuhópur vegna málefna á Eyvindarstaðaheiði

Tilnefning fulltrúa Húnabyggðar í vinnuhóp með fulltrúm Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna málefna á Eyvindarstaðaheiði.

Byggðarráð tilnefnir Guðmund Hauk Jakobsson og Svavar Pálsson sem fulltrúa Húnabyggðar í vinnuhóp um málefni Eyvindarstaðaheiðar.

5. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Inn á fundinn komu Sigurður Erlingsson og Sigmar Ingi Njálsson og fóru yfir fjárhagsáætlunargerð fyrir 2027.

Farið var yfir fjárfestingaráætlun og fleira og þakkar byggðarráð Sigurði og Sigmari fyrir kynninguna.

6. M26-10-746 - Stækkun verknámshúss FNV

Selma Barðdal skólameistari FNV og Magnús Barðdal sveitarstjóri Skagafjarðar komu inn á fundinn í gegnum Teams og kynntu áform um stækkun verknámshúss FNV.

Byggðarráð þakkar Selmu og Magnúsi fyrir góða kynningu.

7. M26-06-107 - Fundargerðir stjórnar SSNV 2026

Fundargerðir 144. og 145. funda stjórnar SSNV.

Lagðar fram til kynningar.

8. M26-06-109 - Fundargerð 1003. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 1003. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

9. M26-10-748 - Fundargerð 486. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Fundargerð 486. stjórnarfundar Hafnasambands Íslands.

Lagt fram til kynningar.

13. F26-10-110 - 18. fundur landbúnaðarnefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar sem fram fór 2. nóvember 2026.

Til máls tók

Fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar Húnabyggðar frá 2. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. liðar var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-10-754 - Refa- og minkaveiði

Refa- og minnkaveiði í Húnabyggð.

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um refa- og minkaveiði. Nefndarmenn fóru yfir reglurnar, gerðar voru athugasemdir sem krefjast gagnaöflunar. Unnið skal að nýju kortasvæði fyrir sameinað sveitarfélag.

2. M26-10-755 - Búfjárhald í þéttbýli

Nefndin fór yfir reglur um búfjárhald í þéttbýli. Senda skal reglurnar með áorðnum breytingum til samþykktar í sveitarstjórn.

Bókun fundar:

Forseti leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun og er hún borin upp til atkvæða að loknum umræðum:

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi reglur um búfjárhald í þéttbýli í Húnabyggð með þeim breytingum sem landbúnaðarnefnd lagði til á 18. fundi sínum 2. nóvember 2026.

Tillagan er samþykkt með 9 atkvæðum.

3. M26-10-759 - Ósk um upplýsingar um aðbúnað sauðfjár/hrossa í rekstrum, smalamennsku og réttum

Erindi frá MAST.

Lagt fram til kynningar. Erindinu verður svarað um leið og upplýsingar verða klárar.

4. M26-10-761 - Ormahreinsun hunda

Færst hefur í aukana að sullaveiki finnist í sauðfé á haustin. Þar af leiðandi þarf að fara í markvissari hreinsun á hundum í dreifbýli. Á þeim bæjum sem er sauðfé eru hundar hreinsaðir samhliða garnaveikibólusetningum. Nefndin leggur til að samræmt verklag varðandi ormahreinsun allra hunda í sveitarfélaginu.

5. M26-06-125 - Önnur mál landbúnaðarnefndar

Ekkert var bókað undir þessum lið.

14. F26-10-105 - 163. fundur Byggðarráðs

Fyrir fundinum lá fundargerð 163. fundar byggðarráðs sem fram fór 4. nóvember 2026.

Fundargerð 163. fundar byggðarráðs Húnabyggðar frá 4. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liður 2 tekinn til sérstakrar umræðu í samræmi við bókun ZAL og KÁG. Að loknum umræðum og sérstakri afgreiðslu 2. liðar var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1. M26-09-566 - Sameining sýslumannsembætta - Staða starfsstöðvar á Blönduósi - svör frá sýslumanni

Svar frá Birnu Ágústsdóttur sýslumanni varðandi fyrirspurn um stöðu starfsstöðvar sýslumannsembættisins á Blönduósi.

Svar lagt fram til kynningar.

2. M26-09-563 - Birting tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu Húnabyggðar

Svar frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi birtingu tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Svör frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

Formaður bar upp eftirfarandi tillögu frá Grími Rúnari Lárussyni: Í ljósi svara frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gerð tillaga að ráðningarsamningur sveitarstjóra verði birtur opinberlega á vef sveitarfélagsins, að teknu tilliti til persónulegra auðkenna sem ekki varða starfskjörin sjálf, svo sem kennitölu, heimili og bankaupplýsingar. Samþykkur tillögu er 1 (GRL) og á móti 2 (ZAL og KÁG). Tillagan er því felld.

ZAL og KÁG leggja fram eftirfarandi bókun: Við teljum heppilegra að sveitarstjórn afgreiði þetta mál á næsta fundi sveitarstjórnar þann 10. nóvember næstkomandi.

Svavar Pálsson vék af sveitarstjórnarfundi undir umræðu um þennan lið.

Til máls tóku GRL, JLG, GHJ, RH, SÖB, KÁG.

Grímur Rúnar Lárusson ber upp eftirfarandi tillögu:

Í ljósi svara frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gerð tillaga að ráðningarsamningur sveitarstjóra verði birtur opinberlega á vef sveitarfélagsins, að teknu tilliti til persónulegra auðkenna sem ekki varða starfskjörin sjálf, svo sem kennitölu, heimili og bankaupplýsingar.

Bókun fundar:

Lögð fram svör Sambands íslenskra sveitarfélaga og bókun byggðarráðs frá 4. nóvember 2026 um birtingu ráðningarsamnings sveitarstjóra. Tillaga Gríms borin upp. Samþykkir tillögunni eru 3 (GRL, JLG, HPG) og móti eru 6 (GHJ, ZAL, KÁG, SÖB, RH og JG). Tillagan því felld.

Ráðningarsamningur, dags. 30. júní 2026, liggur frammi á fundinum. Sveitarstjórn er gefinn kostur á að kynna sér efni hans að nýju enda var hann samþykktur samhljóða í sveitarstjórn 29.06.2026.

3. M26-08-506 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags en afgreiðslu beiðnar var frestað í ágúst.

Bókun færð í trúnaðarbók.

4. M26-08-499 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags en afgreiðslu beiðnar var frestað í ágúst.

Bókun færð í trúnaðarbók.

5. M26-11-765 - Björgunarfélagið Blanda

Inn á fundinn komu Hjálmar Björn Guðmundsson og Sigurður Magnússon frá Björgunarfélaginu Blöndu.

Byggðarráð þakkar Hjálmari og Sigurði fyrir góða samantekt á starfi Björgunarfélagsins Blöndu.

7. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Inn á fundinn komu Erla Jónsdóttir formaður umhverfisnefndar og Sigmar Ingi Njálsson starfsmaður í fjármálateymi.

Byggðarráð þakkar Erlu fyrir góða kynningu og umræður um sorpmál og framtíðarsýn í umhverfismálum hjá sveitarfélaginu.

15. M26-06-333 - 69. fundur skipulags- og samgöngunefndar

Fyrir fundinum lá fundargerð 69. fundar skipulags- og samgöngunefndar sem fór fram 5. nóvember 2026.

Til máls tóku GRL, SÖB um 7. lið fundargerðar.

Fundargerð 69. fundar skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar frá 5. nóvember 2026 lögð fram til staðfestingar á 77. fundi sveitarstjórnar, eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 1 og 8 teknir til sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum og afgreiðslum liða 1 og 8 var fundargerðin borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

1.Aðalskipulag sameinaðara þriggja sveitarfélaga - 2408023

Tekin fyrir að nýju tillaga að Aðalskipulagi Húnabyggðar 2025-2037.

Tillagan var auglýst með athugasemdafresti frá 10. september til 23. október 2026.

Skipulags- og samgöngunefnd hefur farið yfir innkomnar athugasemdir. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að láta vinna að lagfæringum á skipulagsgögnum í samræmi við athugasemdir nefndarinnar og leggur til við sveitarstjórn að Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037 og skrá yfir vegi í náttúru Íslands verði samþykkt til gildistöku með áorðnum breytingum og send HMS í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bókun fundar:

Til máls tóku GRL, ZAL, SÖB, KÁG.

Zophonías Ari Lárusson óskar eftir fundarhléi kl. 16:50.

Fundur hófst aftur 16:55.

Til máls tóku ZAL, GRL, SÖB, GHJ.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu þessa liðar til næsta sveitarstjórnarfundar.

2.Kornsá 1, umsókn um stöðuleyfi -2610006

Lögð var fram umsókn frá VBF Mjölni ehf. um stöðuleyfi fyrir tímabundnum vinnubúðum á jörðinni Kornsá 1, L144684, í Húnabyggð.

Umsóknin tekur til sex stakra svefngáma og tveggja samtengdra gáma sem nýttir verða sem setustofa fyrir starfsmenn verktaka vegna vegaframkvæmda á Vatnsdalsvegi. Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir tímabilið 18. október 2026 til 18. október 2027. Með umsókninni fylgir undirritaður samningur við landeiganda um aðstöðu fyrir vinnubúðir ásamt uppdrætti sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu þeirra.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti umsókn VBF Mjölnis ehf. um stöðuleyfi fyrir tímabundnar vinnubúðir á Kornsá 1, L144684, samkvæmt framlögðum gögnum og fyrirhugaðri staðsetningu.

3.Fálkagerði 1-11, umsókn um stöðuleyfi 2610007

Lögð var fram umsókn frá Borealis Data Center Facilities ehf., dags. 6. október 2026, um stöðuleyfi fyrir 210 m^2 aðstöðutjaldi vegna uppbyggingar nýs gagnavers á Blönduósi.

Fyrirhugað er að nýta tjaldið sem tímabundna geymslu fyrir byggingarefni á framkvæmdartíma. Gert er ráð fyrir að steypa 15 cm þykka undirstöðu undir tjaldið og óskað er eftir stöðuleyfi til eins árs. Fram kemur í umsókninni að bæði tjaldið og steypta undirstaðan verði fjarlægð að leyfistíma loknum.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Borealis Data Center Facilities ehf. um stöðuleyfi til eins árs fyrir 210 m^2 aðstöðutjaldi sem nýtt verður til geymslu byggingarefnis vegna uppbyggingar gagnavers á Blönduósi.

4.Ós, merkjalýsing - 2610011

Lögð var fram merkjalýsing vegna uppmælingar og hnitsetningar landamerkja jarðarinnar Óss, L145867, í Húnabyggð, dags. 8. október 2026.

Merkjalýsingin er unnin í kjölfar áætlunar eignamarka og tekur til ytri landamerkja jarðarinnar ásamt nýrri skráningu landsstærðar, sem samkvæmt mælingum er 1.734.820,3 m^2. Við gerð merkjalýsingarinnar var meðal annars stuðst við eldri landamerkjabréf, vettvangsmælingar og fyrirliggjandi gögn um eignamörk. Fyrir liggja undirritanir eigenda og hlutaðeigandi aðila.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu vegna uppmælingar og hnitsetningar landamerkja jarðarinnar Óss, L145867, í Húnabyggð, ásamt skráningu landsstærðar samkvæmt framlögðum gögnum.

5.Hafnir, merkjalýsing - 2610010

Lögð var fram merkjalýsing vegna uppmælingar og hnitsetningar ytri landamerkja jarðarinnar Hafna, L145845, í Húnabyggð, dags. 8. október 2026.

Merkjalýsingin er unnin í kjölfar áætlunar eignamarka og tekur til nýrrar skráningar landsstærðar, sem samkvæmt mælingum er 34.423.542,4 m^2. Fram kemur að jörðin Kaldrani teljist nú hluti af Höfnum. Eyjar og sker sem tilheyra jörðinni eru ekki sérstaklega hnitsett og flatarmál þeirra er því ekki innifalið í mældri landsstærð. Við gerð merkjalýsingarinnar var stuðst við eldri landamerkjabréf, þinglýst gögn og vettvangsmælingar. Fyrir liggja undirritanir eigenda og hlutaðeigandi aðila.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu vegna uppmælingar og hnitsetningar ytri landamerkja jarðarinnar Hafna, L145845, í Húnabyggð, ásamt nýrri skráningu landsstærðar samkvæmt framlögðum gögnum.

6.Tjörn, merkjalýsing - 2610009

Lögð var fram merkjalýsing vegna uppmælingar og hnitsetningar ytri landamerkja jarðarinnar Tjarnar, L145875, í Húnabyggð, dags. 8. október 2026.

Merkjalýsingin er unnin í kjölfar áætlunar eignamarka og tekur til nýrrar skráningar landsstærðar, sem samkvæmt mælingum er 23.706.801,9 m^2. Jafnframt er gert ráð fyrir að bæta við fasteignaskrá 54 m^2 kálfahúsi vestan við fjós á jörðinni. Við gerð merkjalýsingarinnar var stuðst við eldri landamerkjabréf, þinglýst gögn og vettvangsmælingar. Fyrir liggja undirritanir eigenda og hlutaðeigandi aðila.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða merkjalýsingu vegna uppmælingar og hnitsetningar ytri landamerkja jarðarinnar Tjarnar, L145875, í Húnabyggð, ásamt nýrri skráningu landsstærðar samkvæmt framlögðum gögnum.

7.Byggingaráform Ægisbraut 9 - 2501032

Lögð var fram til afgreiðslu grenndarkynning vegna breyttra byggingaráforma að Ægisbraut 9 á Blönduósi, mál nr. 2501032.

Umsóknin er frá Mýrarbraut 23 ehf. og felur í sér endurnýjun byggingar á núverandi sökkli, hækkun veggæðar úr 3,0 m í 4,0 m og mænishæðar úr 4,1 m í 5,4 m, ásamt nýrri steyptri gólfplötu. Grunnflötur byggingarinnar helst óbreyttur.

Við grenndarkynningu bárust athugasemdir frá eigendum Ægisbrautar 11, þar sem meðal annars eru gerðar athugasemdir við byggingarmagn, nálægð byggingar við aðliggjandi lóðir, umgengni á svæðinu og möguleg áhrif framkvæmdarinnar á nærliggjandi íbúðarhúsnæði.

Skipulags- og samgöngunefnd hefur farið yfir framlagða grenndarkynningu og þær athugasemdir sem bárust vegna fyrirhugaðra byggingaráforma að Ægisbraut 9.

Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirhuguð byggingaráform samkvæmt framlögðum gögnum, að því gefnu að uppfyllt séu ákvæði gildandi skipulags, byggingarreglugerðar og önnur viðeigandi skilyrði byggingarfulltrúa.

8.Lóðarmál við Húnabraut 35, 37-39 og Ægisbraut 4 - 2609005

Til umræðu fyrirspurn Hermanns Herbertssonar fyrir hönd Kjarnafæðis Norðlenska ehf vegna lóðarmála við Húnabraut 35, 37-39 og Ægisbrautar 4.

Skipulags-og samgöngunefnd leggur til að A hluti erindisins er varðar sameiningu lóðanna Húnabraut 35 og Ægisbrautar 4 verði samþykkt sem Húnabraut 35 L145002. Nefndin leggur til að B hluta erindisins um stofnun nýrrar lóðar úr lóðinni Húnabraut 37-39 verði hafnað.

Til máls tóku GRL, SÖB.

Bókun fundar:

Afgreiðsla skipulags- og samgöngunefndar staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

16. M26-08-474 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

Sveitarstjórn samþykkir að boða til aukasveitastjórarfundar þriðjudaginn 24. nóvember kl. 15.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Páll Gíslason
Kt. 1203793489
Dags. 11.11.2026 12:30:16 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Haukur Jakobsson
Kt. 0403755389
Dags. 10.11.2026 20:42:52 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Gíslason
Kt. 2703593379
Dags. 10.11.2026 23:12:48 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Zophonías Ari Lárusson
Kt. 0110756069
Dags. 11.11.2026 07:27:09 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kolbrún Ágústa Guðnadóttir
Kt. 0704814809
Dags. 11.11.2026 08:39:58 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Örn Björgvinsson
Kt. 0510694559
Dags. 10.11.2026 18:20:48 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ragnhildur Haraldsdóttir
Kt. 2708862489
Dags. 10.11.2026 19:04:33 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grímur Rúnar Lárusson
Kt. 1301923439
Dags. 10.11.2026 19:36:24 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jenný Lind Gunnarsdóttir
Kt. 2009883459
Dags. 10.11.2026 20:00:35 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun